

4. Fundur framkvæmdaráðs Vaxtarsamnings Suðurlands og Vestmannaeyja

Haldinn að Austurvegi 56, Selfossi, 9. maí 2007 kl. 10:00

Mættir voru:

Friðrik Pálsson, Elliði Vignisson, Elvar K. Valsson, Hörður Sigurðsson og Snorri Finnlaugsson. Jóna Sigurbjartsdóttir boðaði forföll.

Einnig mætt:

Róbert Jónsson, Steingerður Hreinsdóttir, Hrafn Sævaldsson og Sædís Íva Elíasdóttir frá Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands

1. Setning fundar. Formaður framkvæmdaráðs setti fundinn.

2. Umsóknir sem hafa verið afgreiddar:

Markaðsstofa Suðurlands,

HH Suðurland,

Íslandshof,

Uppbygging söguseturs um Tyrkjaránið 1627, Tyrkjaránssetur.

Rætt um hvernig eftirfylgni með þessum verkefnum verður. Hvetja þarf fólk áfram í störfum sínum og nauðsynlegt er að gæta afgreiðslu fjármuna og greiða eingöngu út eftir framvindu verkefnanna. Samþykkt að verkefnum verði skipt á milli starfsmanna Atvinnuþróunarfélagsins sem beri ábyrgð á að fylgjast með framvindunni.

3. Verkefni til umsóknar:

- 1. Markaðsáætlun fyrir tæknisetur og fræðslustarf að Reykjum:** Tilgangur verkefnisins er að gera markaðsáætlun fyrir tækni- og vísindasetur að Reykjum, sem gæti orðið grundvöllur að fjölbreytilegri atvinnustarfsemi. Sótt er um 5.790.000 kr. framlag. Róbert kynnti verkefnið. Framkvæmdaráð óskar eftir viðskiptaáætlun um verkefnið.
- 2. Eyjafjöll.is:** Samstarf og samvinna ferðapjónustuaðila undir Eyjafjöllum og vefsins, www.eyjafjoll.is. Sædís Íva kynnti verkefnið. Framkvæmdaráðið samþykkti að styrkja verkefnið um 1.600.000 kr. Sædís Íva verður ábyrg fyrir tengslum við hópinn.
- 3. Aukin arðsemi humarveiða:** Sjávarútvegs- og matvælaklasi. Samstarfsverkefni fag- og hagsmunaaðila. Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum (VSV) hefur haft frumkvæði að þessu verkefni. Hrafn gerði grein fyrir verkefninu. Sótt er um 5.000.000 kr. framlag Framkvæmdaráð lýsir áhuga á verkefninu og felur Hrafn að aðstoða aðila verkefnis við útfærslu á endanlegri umsókn.

4. **Verðmætaaukning sjávarfangs, humarklær, vöruþróun:** Sjávarútvegs- og matvælaklasi, samstarfsverkefni Gríms kokks, Vinnslustöðvarinnar og Fiskvinnslu VE-Narfa o.fl. í Vestmannaeyjum. Á síðasta fundi var samþykkt að óska eftir frekari upplýsingum um verkefnið. Þær upplýsingar liggja nú fyrir. Sótt var um 4.700.000 kr. Framkvæmdaráð samþykkir 3.750.000 kr. framlag. Hrafn er ábyrgur fyrir tengslum við aðila verkefnisins.
5. **Efling rannsókna- og háskólastarfs í Eyjum:** Mennta- og rannsóknarklasi. Starfshópur vinnur að tillögum um framtíðarskipulag rannsókna- og fræðastarfs í Eyjum. Sótt er um 3.000.000 kr. framlag. Hrafn og Elliði kynntu verkefnið. Framkvæmdaráð samþykkir stuðning við tillögur og að koma þeim á framkvæmdastig með 3.000.000 kr. framlagi. Hrafn er ábyrgur fyrir tengslum við aðila verkefnisins.
6. **Handritin heim – Fræðastarf í Eyjum:** Frestað til næsta fundar.
7. **Eyjaköfun:** Frestað til næsta fundar.
4. **Næsti fundur:** Samþykkt að næsti fundur verði þriðjudaginn 22. maí kl. 10.00 að Austurvegi 56.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 12:15
Fundargerð ritaði Sædís Íva Elíasdóttir